

Ársfundur Birtu lífeyrissjóðs var haldinn mánudaginn 19. maí 2022 á Icelandair Hótel Reykjavík Natura, Nauthólsvegi 52, 102 Reykjavík. Fundurinn hófst kl. 17:00.

Pálmar Óli Magnússon, stjórnarformaður Birtu, setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Pálmar gerði tillögu um Stefaníu Kolbrúnu Ásbjörnsdóttur sem fundarstjóra og var sú tillaga samþykkt. Stefanía gerði tillögu um Sigurbjörn Einarsson sem fundarritara, sem var samþykkt.

Fundarstjóri gerði grein fyrir boðun fundarins sem skal vera í samræmi við gr. 6.1. í samþykktum Birtu. Fundurinn var auglýstur á heimasíðu Birtu og með rafrænu fundarboði til aðildarféлага og aðildarfyrirtækja, dagsettu 19. apríl 2022. Birt var fundarauglýsing í Fréttablaðinu og í Morgunblaðinu 16. apríl. Þá var hann auglýstur í Ríkisútvarpinu 12. maí, viku fyrir fund. Loks voru fulltrúar minntir á fundinn með rafrænu fundarboði eða símhringingum eftir því sem við átti. Lýsti fundarstjóri fundinn því lögmatan og var gengið til dagskrár.

60 fundagestir eru mættir á fundinn og eru 56 með atkvæðarétt.

Fundinum er streymt á heimasíðu Birtu, þeir sem kveða sér hljóðs á fundinum fá hljóðnema og eru beðnir að kynna sig með nafni

Eftirfarandi dagskrá lá fyrir fundinum:

1. Skýrsla stjórnar
2. Kynning og afgreiðsla ársreiknings
3. Tryggingafræðileg staða
4. Fjárfestingarstefna sjóðsins
5. Hluthafastefna/eigendastefna sjóðsins
6. Starfskjarastefna sjóðsins
7. Laun stjórnarmanna og nefnda
8. Stjórnarkjör, skv. grein 5.1
9. Kjör endurskoðanda
10. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins
11. Önnur mál

Fundarstjóri leggur til að liðir 1, 2 og 3 verði teknir fyrir hver á eftir öðrum og orðið verði gefið laust eftir framsögu um alla dagskrárlíðina þar sem skýrsla stjórnar og tryggingafræðileg athugun er hluti af ársreikningi sjóðsins. Engar athugasemdir komu fram um þetta og gefur fundarstjóri Pálmari Óla Magnússyni stjórnarformanni Birtu orðið.

## 1. Skýrsla stjórnar

Skýrsla stjórnar, Pálmar Óli Magnússon.

Í stuttu máli þá kom árið 2021 vel út. Á þeim fimm árum sem liðin eru frá stofnun Birtu þá hefur góður árangur náðst á mörgum sviðum. Hagræðing hefur náðst í rekstri, lækkun kostnaðar án þess að þurft hafi að skerða þjónustu. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður sem hlutfall af meðalstöðu eigna hefur lækkað stöðugt frá árinu 2017 úr 0,22% niður í 0,15% á síðasta ári. Á sama tíma hefur sjóðurinn bætt aðgengi sjóðfélaga að sjóðnum með veflausnum. Reynt hefur mikið á þessar nýju lausnir með óvæntum hætti í þeim samkomutakmörkunum sem ríktu og í því ástandi stóðumst við prófið og veittum órofna þjónustu án teljandi vandræða.

Birta hefur byggt upp öfluga og sjálfstæða eigna- og áhættustýringu sem hefur frelsi til að starfa innan þeirra marka sem stjórn setur. Stjórn mótar stefnu að höfðu samráði við haghafa og hefur svo fyrst og fremst eftirlit með fylgni við stefnuskjölin. Það hefur reynt á þetta skipulag og á síðasta ári vildu sumir haghafar stýra lífeyrissjóðunum úr fjarlægð. Það er gott að haghafar láti skoðun sína í ljós en mikilvægt er að leyfa þeim sem hafa umboð til ákvarðana að stýra eignum á milli funda.

Mjög góð ávöxtun náðist á síðasta ári en það er langtímaárangur sem skiptir okkur mestu máli. Í ársreikningnum er að finna ítarlegt yfirlit yfir einstakar fjárfestingar og ávöxtun þeirra frá upphafi. Sumar þessara fjárfestinga voru umdeildari en aðrar og má þar nefna fjárfesting sjóðsins í flugfélaginu Play. Sú ákvörðun var tekin eins og aðrar sambærilegar ákvarðanir, vel ígrunduð af starfsfólki eignastýringar. Eignalistinn er ítarlegur og birtur fyrir sjóðfélaga til að stuðla að málefnalegri rökræðu um eignir á hverjum tíma. Í þeim efnum skiptir máli að draga ekki dul á það sem ekki tókst, frekar en að hampa bara því sem vel er gert.

Sjóðurinn hefur gengið lengra en lög mæla fyrir um og birtir nú í þriðja sinn ársskýrslu í samræmi við alþjóðlega sjálfbærniáætla. Umhverfið, samfélagið og stjórnarhættir skipta okkur máli og eru efnistösk í ársskýrslunni í samræmi við það.

Tryggingafræðileg staða Birtu batnaði mikið á árinu vegna góðrar ávöxtunar eigna sjóðsins. Í lok árs 2021 samþykkti fjármála- og efnahagsráðuneytið breyttar reglur til að reikna lífslíkur, tillagan kemur frá Félagi íslenskra tryggingastærðfræðinga. Breytingin felst í því að nú er stuðst við spá um væntar lífslíkur til framtíðar í stað þess að styðjast eingöngu við reynslu fyrri ára. Þessi breyting þýðir að tryggingafræðileg staða sjóðsins er neikvæð um 2,5% en ef ekki hefði komið til þessa þá hefði staðan verið jákvæð um 7%. Við þessu þarf sjóðurinn að bregðast, auknar lífslíkur sjóðsfélaga þýðir að sjóðurinn þarf að gera ráð fyrir að geta greitt lífeyri lengur en fyrri módel gerðu ráð fyrir. Það er mikilvægt að bregðast við þessum halla og hyggst stjórn gera það að höfðu samráði við haghafa í haust þegar dregið hefur úr lagalegri óvissu málsins.

Pálmar þakkar að lokum stjórn og starfsfólki sjóðsins fyrir ánægjulegt og árangursríkt samstarf á árinu 2021.

## 2. Kynning og afgreiðsla ársreiknings

Fundastjóri bauð Ólafi Sigurðssyni framkvæmdastjóra Birtu að gera grein fyrir ársreikningi sjóðsins. Ólafur hvetur fundargesti og sjóðfélaga að kynna sér og lesa skýrsluna vel.

Ársskýrslan er gefin út í þriðja sinn samkvæmt GRI, alþjóðlegum grunnstöðlum um skýrslugjöf. Í GRI efnisyfirliti má sjá helstu markmið og mælikvarða flokkum með tilvísun í GRI mælikvarða og með því að birta ársskýrsluna samkvæmt þessum viðmiðum er sjóðurinn að gefa dýpri mynd af starfsemi og áhrifum hans á samfélagið.

Lykiltölur úr rekstri eru að sjóðurinn innheimti um 20 milljarða í iðgjöld á árinu og greiddi út 15 milljarða í lífeyrisgreiðslur. Það eru ríflega 20þús. virkir sjóðfélagar að greiða iðgjöld til sjóðsins, hrein eign Birtu eru 572 milljarðar um síðustu áramót og hrein raunávöxtun á árinu 2021 var 9,89%. Tryggingafræðileg staða sjóðsins er neikvæð um 2,5%.

Við viljum þjónusta sjóðfélaga vel og veita góða þjónustu. Til að gera flesta ánægða þá er það góð ávöxtun sem skiptir máli, góð ávöxtun gerir flesta ánægða en það er fleira sem kemur til. Til þess að sjóðurinn geti þjónustað sjóðfélaga vel og náð góðum árangri þá þarf öflug og starfhæfa stjórn, góðan mannaúð og reka sjóðinn vel.

Virkum greiðendum fjölga um 1% á milli ára, og töldust vera 16.192 í samtryggingu og 4.188 í séreignardeild. Sjóðurinn tók á móti 2.795 rafrænum umsóknum og 12.533 símtölum en réttthafar í sjóðnum eru 99.730 talsins. Heimsóknum fækkaði skiljanlega mikið í Covid en rafræn þjónusta og símaþjónusta gekk vel og eru lang flestir sjóðfélagar ánægðir með þjónustuna og viðmótið.

Ávöxtun samtryggingardeildar á síðasta ári var 10,1% raunávöxtun eða 15,4% nafnávöxtun. Mælikvarðinn á ávöxtun eigna er 4,5 af 5 mögulegum sem þýðir að hægt er að gera eitthvað betur en við erum ánægð því að árangurinn er samkvæmt viðmiðum, sátt m.v þau viðmið sem við höfum sett okkur, við höfum sigrað þau að teknu tilliti til áhættu. Birta er orðin 5 ára og erum við sátt við árangurinn síðustu ár.

#### FIMM ÁRA YFIRLIT SAMTRYGGINGARDEILDAR

	2021	2020	2019	2018	2017
<b>Ávöxtun</b>					
Hrein raunávöxtun*	10,11%	8,89%	11,21%	1,74%	5,23%
Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðustu 5 ár*	7,38%	5,01%	4,93%	4,09%	4,86%
Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðustu 10 ár*	6,33%	5,53%	4,74%	3,30%	0,48%

Lífeyrisþegar hjá Birtu eru 15.885 í árslok 2021 og fjölgaði þeim um 3,7% milli ára. Á árinu hófu 1.244 sjóðfélagar töku lífeyris og námu lífeyrisgreiðslur samtryggingardeildar rúmum 14ma.kr. sem er 10,8% aukning frá fyrra ári. Meðalaldur við upphaf töku eftirlaunalífeyris sl. 5 ár er 66 ár.

Tryggingafræðileg staða er neikvæð um 2,5% í árslok, lífeyriþegum fjölga og greiðslur hækka samhliða. Það hefur sýnt sig að sjóðfélagar eru að flýta og seinka töku lífeyris eftir högum hvers og eins. Þetta element hefur verið innbyggt í kerfið um árabíl og að hefja töku fyrr skerðir lífeyri en að seinka eykur réttindi. Vegna nýrra forsendna um auknar ævilíkur þá hækka framreiknaðar skuldbindingar um rúmlega 41ma.kr., samtals hækkar skuldbinding sjóðsins um 81ma.kr. sem leiðir af sér að tryggingafræðileg staða er neikvæð um 2,5%. Það þarf að grípa til aðgerða og það var niðurstaða í stjórn eftir að hafa vegið og metið hvaða leiðir eru færar til að milda þessi áhrif að bíða fram á haustið og funda með baklandinu þegar lagaleg óvissa um þessi mál er orðin minni.

Það starfa 28 hjá Birtu með meðalstarfsaldur 10,3 ár, samheldin og samstilltur hópur starfsfólk sem vill gera vel. Við höfum unnið markvisst í því að efla starfsanda og hvatt starfsfólk til endurmenntunar, fræðslustundir voru 1261 á árinu 2021 sem jafngildir því að allir starfsmenn hafi að meðaltali hlotið 45 klukkustunda þjálfun á árinu. Rekstrarkostnaður Birtu hefur lækkað frá stofnun úr 0,22% í 0,15% af meðalstöðu hreinnar eignar til greiðslu lífeyris. Sjóðurinn hefur markvisst dregið úr kostnaði þar sem hægt er og eru samlegðaráhrif þess að sameina forveru Birtu að koma fram. Rekstrarkostnaður sem hlutfall af iðgjöldum var 4,17% en var 4,12% árið áður. Rekstrarkostnaður Birtu hefur hækkað hlutfallslega minna en kostnaðarviðmið sem samanstandur af launavísitölu og neysliverðsvísitölu.

Hagaðilar Birtu eru sjóðfélagar, mótaðilar í viðskiptum, starfsfólk, stjórnvöld og eftirlitsaðilar og aðildarfélag. Við vonum að allt okkar starf til hagsmunagæslu sjóðsins sé gagnsætt og teljist vera í lagi.

Samfélagsþátttaka Birtu er nokkuð mikil, stórt samfélag sem telur ríflega 100þús rétthafa. Skattspor Birtu á síðasta ári voru um 3ma.kr., megnið er tekjuskattur frá greiðslu lífeyris. Skattur er mikilvægt framlag til samfélagsins og þjóðarbúsins almennt.

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna eru markmið sem Birta setti sér að fylgja. Það hefur verið áskorun en dæmi um verkefni sem fellur vel að markmiði 3 í heimsmarkmiðunum er stofnun VIRK starfsendurhæfingar. Annað dæmi er fjárfesting sjóðsins í Össuri hf., fjárfestingin hefur skilað sjóðnum mjög góðri ávöxtun frá upphafi en fyrirtækið er á sama tíma að vinna vel fyrir heiminn allan og þá einstaklinga sem missa t.a.m útlím.

Starfsemi Birtu er kolefnishlutlaus og með þeim aðgerðum sem ráðist hefur verið í þá er sjóðurinn kolefnishlutlaus til næstu 35 ára. Við erum 28 starfsmenn sem ferðumst til og frá vinnu, ferðumst, notum raforku, heitt vatn og annað til starfseminnar. Sjóðurinn réðst í skógrækt á Haukadalsheiði og sú aðgerð hjálpar okkur að ná kolefnishlutleysi næstu árin. Það er flóknara að reikna út kolefnisfótspor eigna, fjárfestinga. Það náðist ekki á síðasta ári að klára þá vinnu en það er flókið og yfirgripsmikið að ná utanum kolefnisfótspor fjárfestinga og eignasafnsins.

Ársreikningurinn er yfirfarin athugasemdalaus af ytri endurskoðanda og úttekt innra endurskoðunar leiddi til nær athugasemdarlausrar niðurstöðu, nokkrar ábendingar en engin rauð spjöld.

Ólafur lýkur máli sínu. Fundarstjóri býður þá Birni Bennewitz tryggingastærðfræðingi að koma og gera grein fyrir úttekt sinni á tryggingafræðilegri stöðu sjóðsins.

### **3. Tryggingafræðileg athugun**

Tryggingafræðileg staða samtryggingardeildar. Björn Bennewitz tryggingastærðfræðingur gerir grein fyrir úttekt sinni. Björn byrjar á að gera grein fyrir því að hann fer yfir úttektina í fjarveru Bjarna Guðmundssonar sem er tryggingastærðfræðingur Birtu en Bjarni getur ekki verið hér í dag.

Tryggingafræðileg athugun er samanburður á eignum lífeyrissjóðsins og verðmæti iðgjalda við skuldbindingar sjóðsins til greiðslu lífeyris. Skuldbindingar eru háðar óvissum atburðum tengdum lífi og heilsu sjóðfélaga. Vænt niðurstaða er metin með tölfræðilegum líkönum.

Notað er reiknilíkan Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga um lækkun aldursbundinnar dánartíðni þegar horft er til framtíðar. Fjármálaráðuneytið auglýsti í lok árs 2021 að lífeyrissjóðum bæri að taka mið af þessu reiknilíkani. Líkanið er byggt á þeim breytingum sem urðu á aldursbundinni dánartíðni árin 1999-2018.

Einnig var gerð breyting á ákvæðum reglugerðar um mat eigna og eru nú eignir með breytilegar tekjur sem skráðar eru á markað færðar á árslokagengi í stað þess sem lægra er, árslokagengis og meðaltals síðustu þriggja mánaða ársins. Rekstrarkostnaður kemur nú fram meðal skuldbindinga í ársreikningi.

Helstu niðurstöður eru að eignir hækka samtals um 19,2% milli ára en skuldbindingarnar um 21,3%. Mestu munar um hækkun skuldbindingar ellilífeyris en skuldbindingin hækkar um 20,9% milli ára. Skýringin liggur í nýju líkani um lífslíkur sem eykur framtíðarskuldbindingar sjóðsins þetta mikið.

Heildarstaða sjóðsins er því neikvæð um 2,5% af skuldbindingum í lok árs 2021 en var 0,4% í fyrra. Ef ekki væri gert ráð fyrir lækkun dánartíðni væri heildarstaða sjóðsins jákvæð um 7% af skuldbindingum.

Framtíðarstaða sjóðsins er neikvæð um 8,9% af skuldbindingum. Nauðsynlegt er að draga úr réttindaávinnslu sjóðsins með einhverjum hætti svo samræmi verði milli framtíðariðgjalda og skuldbindinga.

Verði heildarstaða utan -5% eða +5% fimm ár í röð er sjóðnum skylt að grípa til aðgerða (lög nr.129/1997)

Áður en dagskrárliðir 1, 2 og 3 eru bornir saman undir atkvæði þá er orðið er gefið laust um þessa þrjá dagskrárliði.

**Spurning úr sal (Ingi)**, nokkrar spurningar. Kostnaður við innri endurskoðun hækkar um 91% og almannatengsl um 67%. Almenns eðlis, hverju skilar að sjóðnum að vera í landsamtökum lífeyrissjóða. Það eru fordæmi um að aðrir sjóðir séu ekki í landsamtökunum er það ekki rétt. Að lokum, tveir starfsmenn hætta, einn ráðinn en launagreiðslur hækka.

**Ólafur svarar**, í skýringu 5 er sundurliðaður allur rekstrarkostnaður sjóðsins, á bls 27 í ársreikningnum.

Innri endurskoðun hækkar 3 m.kr. í 7m.kr. Stór hluti af innri endurskoðun er gerð og framkvæmd samkvæmt lögum og reglum um endurskoðun sjóðsins og þarf að framkvæma lögum samkvæmt. En hluti af kostnaði ársins 2020 lenti á árinu á 2021. Hluti af endurskoðunarkostnaði fellur ekki á réttu starfsári og endurskoðunarnefnd telur brýnt að lagfæra þetta þannig að kostnaður falli til á réttu rekstrarári.

Varðandi almannatengsl, við fórum í áttak til að skipuleggja markaðsmálin og hvernig væri best að ná til og nálgast sjóðfélaga.

Kostnaður við aðild að Landsamtökum lífeyrissjóða kostar um 11m.kr., dulið starf hjá landsamtökunum sem felst í baráttu við stjórnvöld. Gott fyrir sjóðina að hafa skýran talsmann til að eiga samtal við stjórnvöld. Birta hefur notið þessa samstarfs og telur mikilvægt að vera í samtökunum. Ólafur mælir ekki með að sjóðurinn gangi úr samtökunum og telur þetta hafa komið vel út. Landsamtökin gegna mikilvægu hlutverki í fræðslu og að svara gagnrýni.

Launakostnaðurinn, heildarlaunakostnaður fer úr 464m.kr. í 506m.kr eða um 9% hækkun. Ólafur telur að launakostnaður á stöðugildi hafi hækkað minna en launavísitala en inní þessari tölu er lokauppgjör til þeirra sem eru að hætta. Stöðugildin hækka lítillega milli ára.

**Ingi bætir við**, verður lítið var við Landsamtökin og vinnu þess. Baráttu gráa hersins t.d. og málsókn samtakanna gegn ríkinu fékk enga aðstoð samtakanna eða stuðning.

**Spurning úr sal, Þorbjörn kemur í pontu.** Við stofnun Birtu voru sett ákveðin markmið, vera leiðandi í nýjungum, standa framarlega og vera óhrædd að fara nýjar leiðir. Höfum náð mörgum þessarar markmiða og hefur gengið vel, erum á réttri braut. Það er erfitt að kyngja því að sjóðurinn með svona góða ávöxtun skili neikvæðri tryggingafræðilegrar stöðu, það eru vonbrigði. Einingin er ekki sjálfbær ef þetta er svona. Ef ávöxtun væri ekki svona góð, hvar værum við stödd þá? Þetta þarf sjóðurinn að fara vel í gegnum, taka á þessari áskorun. Grundvallaratriði lífeyrissjóðs er að vera sjálfbær, á ekki að þurfa að vera að kalla eftir hærra iðgjaldi til að standa undir skuldbindingum. Telur æskilegt að rætt hefði verið á þessum fundi nánar um þetta brýna mál, hvernig á að taka á þessum vanda. Árið 2015 var lögð mikil vinna í að skoða hvernig ætti að taka á hækkingu lífaldri og hækkingu framtíðarskuldbindingum. Á þeim tíma var niðurstaðan sú að skynsamlegt væri að hækka lífeyrisaldurinn í skrefum á löngum tíma, þykir miður að það náðist ekki að hrinda þessu í framkvæmt því sú staða sem uppi er núna var fyrirsjáanleg. Ábyrgðin liggur hjá stjórnvöldum, vildu ekki hrinda þessu í framkvæmd á þessum tímamarkum en opinberu sjóðirnir í annarri stöðu. Er ekki gagnrýni á stjórn sjóðsins, margt gengur vel og markmið hafa náðst.

**Björn tryggingastærðfræðingur tekur til máls**, vill þakka síðasta ræðumanni, tekur fram að hann er sammála honum í einu og öllu og hafi ekki getað orðað þetta betur sjálfur.

Ekki komu fram fleiri spurningar eða svör. Mælendaskrá var lokað og gengið til atkvæðagreiðslu um ársreikninginn

Ársreikningur var samþykktur með öllum greiddum atkvæðum.

Næst á dagskrá var komið að yfirferð á fjárfestingarstefnu sjóðsins og bauð fundarstjóri Soffíu Gunnarsdóttur, forstöðumaður eignastýringarsviðs, að gera grein fyrir henni.

#### 4. Fjárfestingarstefna sjóðsins

Soffía Gunnarsdóttir, forstöðumaður eignastýringar gerði grein fyrir fjárfestingarstefnum samtryggingardeildar og séreignardeildar ásamt ávöxtun og vægi helstu eignarflokka vegna ársins 2021.

Fjárfestingarstefnan undirrituð af stjórn í nóvember 2021, gildir fyrir árið 2022 og ber að kynna fyrir sjóðfélögum á ársfund sjóðsins. Farið verður yfir helstu breytingar á milli ára á fjárfestingarstefnunni sem og að fara yfir helstu eignarflokka og ávöxtun þeirra á síðastliðnu ári.

Fjárfestingarstefna samtryggingardeildar og markmiðssetning fyrir árið 2022, helstu breytingar eru þær að það er lækkun á hlutfalli í ríkisskuldabréfum úr 17% í 15% og í fasteignaveðtryggðum skuldabréfum úr 20% í 18%. Hækkun á hlutfalli erlendra hlutabréfa úr 28,5% í 31% og í sérhæfðum fjárfestingum úr 7,5% í 8%. Hækkun á hlutfalli eigna í erlendri mynt hækkar úr 36% í 37%.

Allir eignaflokkar safnsins skiluðu jákvæðri nafn- og raunávöxtun á árinu, 83% af nafnávöxtun ársins 2021 kemur frá þremur eignaflokkum í safninu, innlendum og erlendum hlutabréfum og sérhæfðum fjárfestingum en þessir eignaflokkar veга samtals um 54,3% af eignasafninu. Þessir eignaflokkar skiluðu samtals 12,75% nafnávöxtun á árinu af 15,44% nafnávöxtun safnsins í heild sinni.

Innlend hlutabréf veга um 16% af eignasafni Birtu og skiptist eignaflokkurinn í skráð og óskráð hlutabréf. Nafnávöxtun innlendra hlutabréfa var um 35,3%, 43,2% í skráðum hlutabréfum og 19,3% í óskráðum hlutabréfum. Nánar var fjallað um stærstu útgefendur skráðra og óskráðra hlutabréfa, stærð eignaflokksins og ávöxtun.

Áhersla á grænar fjárfestingar í samræmi við heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna, vekur athygli á að Birta gerðist aðili að CIC (Climate Investment Coalition) og þetta fellur að þessum þremur markmiðum, markmiði 7 um sjálfbær orka, 13 um aðgerðir í loftlagsmálum og 17 um samvinna um markmiðin. Markmiðið er að stuðla að aukinni fjárfestingu í hreinni orku og öðrum umhverfislausnum og að fjárfesta sem nemur 1% af verðmæti safnsins í grænum fjárfestingum á hverju ári. Ávöxtun og áhætta eigna gengur framar þessu markmiði, þ.e. sjóðurinn mun ekki veita afslátt af arðsemismarkmiði við val á grænum fjárfestingum.

Í séreignadeild eru þrjár sparnaðarleiðir í boði, innlánsleið, skuldabréfaleið og blandaða leið. Tilgreind séreign er aðskil frá hinni hefðbundnu séreign og nú geta sjóðfélagar sem eru með tilgreinda séreign sem séreign geta valið sparnaðarleið, sömu leiðir og í hefðbundinni séreign.

Að lokinni framsögu Soffíu opnaði fundarstjóri fyrir umræður um fjárfestingarstefnu Birtu.

**Spurning úr sal, (Guðjón Viðar Guðjónsson),** vill ræða fjárfestingu í flugfélaginu Play. Hefur verið rætt um að losa sig við þessa fjárfestingu? Spyr einnig um sjóðfélagalánin, hefur verið rætt um að breyta vaxtaálaginu á óverðtryggðu lánunum, hefur það verið rætt.

**Formaður svarar,** varðandi fjárfestinguna í Play, stendur ekki til að selja þann hlut. Ávöxtun á fjárfestingu okkar í Play er mjög góð og teljum fjárfestinguna enn vera mjög góða fjárfestingu. Ítrekar það sem áður hefur komið fram um mikilvægi þess að þau fyrirtæki sem sjóðurinn fjárfesti í fari eftir lögum og reglum þ.m.t leikreglum íslensk vinnumarkaðar. Varðandi vaxtaálag óverðtryggðu húsnæðislánanna þá mun stjórn ræða það mál formlega á næsta fundi stjórnar í júní. Þá verður staðan skoðuð og m.a. hvert vaxtastigið er í samanburði við aðra lánveitendur.

**Guðjón Viðar bætir við,** skiptir meira máli hvað sjóðurinn græðir en starfshættir, skipta þeir ekki máli?

**Formaður svarar.** Það skiptir ekki öllu máli, erum ábyrgur sjóður og fjárfestum í fyrirtækjum sem eiga að fara eftir lögum og reglum og taka samfélagslega ábyrgð. Innkoma Play hefur ýtt undir samkeppni, jákvætt fyrir neytendur og ekki er að sjá annað en að Play fari eftir lögum og reglum og lúti reglum íslensk vinnumarkaðar.

**Spurning úr sal (Kristján Þórður Snæbjarnarson),** óskar þess að sjóðurinn hefði staðið í fararbroddi í góðum viðskiptaháttum og tekur undir með Guðjóni varðandi spurningu hans um fjárfestinguna í Play. Þó að fjárfestingin hafi skilað góðri ávöxtun þá hefur verið bent á að félagið fari ekki eftir þeim leikreglum sem við viljum fara eftir á íslenskum vinnumarkaði, hefur ekki verið sýnt fram á að farið sé eftir gildandi kjarasamningnum. Það hefur hinsvegar verið sýnt fram á að félagið fari eftir einhverskonar sýndarsamningum við sjálfan sig. Þetta lá fyrir strax í upphafi og áður en Birta fjárfestir í félaginu. Finnst miður að af því að ávöxtun fjárfestingarinnar sé svo góð, þá sé gott að eiga í þessu félagi. Hefði kosið að ekki hefði verið tekið þátt í fjárfestingunni, telur að þetta hafi skaðað orðspor sjóðsins. Varðandi vaxtastig húsnæðislána, þegar vextir lækkuðu þá taldi sjóðurinn nauðsynlegt að hækka vaxtaálagið á óverðtryggðum lánunum. Núna eru vextir að hækka og væntir þess þá að vaxtaálagið verði endurskoðað til lækkunar. Rétt að taka fram varðandi vextina, er sjóðfélagi og er með lán hjá sjóðnum.

Formaður telur ekki ástæðu til að bæta við svarið.

**Spurning úr sal (Úlfar).** Telur að það væri ákjósanlegt ef ársfundur gæti ályktað og bundið hendur stjórnar varðandi ákveðnar ákvarðanir og stefnu. Ber upp tvær spurningar, önnur er um fjárfestingastefnuna, hvernig nær lífeyrissjóður Verslunarmanna mun hærri ávöxtun á sínu eignasafni en Birta. Hin er um vexti húsnæðislána, fastir vextir hjá Birtu eru 3,6% en hjá lífeyrissjóði verslunarmanna eru þeir 1,8% fastir til 5 ára, er þessi munur eðlilegur?

**Ólafur svarar.** Það eru greinilega skiptar skoðanir um fjárfestingastefnuna, hún er rædd á þessum fundi, lögð fyrir hjá öllum fulltrúum að hausti. Hún er svo grunnurinn að því hvernig starfsfólk Birtu og fjárfestingaráð tekur ákvarðanir um fjárfestingar. Við tökum tillit til og hlustum eftir gagnrýni og ábendingum sem koma fram hér varðandi hana. Varðandi vextina, Herborg og aðrar vefsíður birta upplýsingar um vexti á húsnæðislánunum. Fyrir viku síðan voru vextir Birtu á óverðtryggðum húsnæðislánunum í 4.sæti, fjórðu hagstæðustu kjörin. Við vaxtahækkun Seðlabankans hækka vextir óverðtryggðu lánanna strax samkvæmt skilmálum bréfanna. Undanfarin tvö ár hafa húsnæðislánvextir Birtu verið með þeim hagstæðustu sem í boði eru á lánamarkaði og jafnvel lengur. Núna erum við að ræða 3ja mánaða tímabil þar sem vextir Birtu eru möguleg óhagstæðir en tekur fram það sem kom fram áðan að vaxtaálag óverðtryggðu lánanna verður rætt sérstaklega á næsta stjórnarfundum. Varðandi vertryggðu vextina þá er Ólafur ósammála um að eðlilegt sé að bera saman fasta vaxta til 5 ára og til 40 ára. Soffía Gunnarsdóttir bætir við að fastir vextir Birtu séu fastir í 40 ár, út lánstímann, en kjörin til

samanburðar hjá lífeyrissjóði Verslunarmanna séu til 5 ára. Varðandi óverðtryggðu vextina, rifjar upp að í skilmálum bréfanna kemur m.a fram að stjórn geti brugðist við ef samkeppnisstaðan er ekki nógu góð og það var það sem var gert þegar vaxtaálagið var hækkað 2020. Á þeim tíma var Birta með langhagstæðustu óverðtryggðu kjörin og þá var ekki forsvaranlegt að halda áfram að lána á þeim forsendum. Núna liggur fyrir að í júní mun stjórn taka þetta mál formlega á dagskrá. Ólafi finnst umræðan á margan hátt ósanngjörn, bæði um einstaka fjárfestingar og um árangurinn. Fór áðan yfir árangursmælikvarða okkar um ávöxtun og áhættustig, viljum við auka áhættuna til að komast mögulega í fyrsta sæti í samanburði um ávöxtun? Telur að sjóðurinn hafi náð mjög góðri niðurstöðu síðastliðin 5 ár að teknu tilliti til áhættu. En er líka hugsi yfir umræðunni um vaxtastigið, sjóðurinn er ekki að skila hæstu ávöxtuninni á sama tíma og vextir húsnæðislána eru lægstir á markaði. Er að svara spurningunni af hverju vextir lána séu ekki lægstir og af hverju ávöxtun eignasafnsins sé ekki nógu góð á sama tíma. Er sannfærður um að sjóðurinn komi til með vera með þeim fremstu hvað árangur varðar í framtíðinni, höfum sýnt það undanfarin 5 ár að við erum á réttri leið að styrkja stöðir sjóðsins hvað þetta varðar.

**Kristján Þórður bætir við**, við viljum góða og jafna ávöxtun milli ára en ávöxtun vs áhætta, er meiri áhætta af sjóðfélagalánum en í fjárfestingum í áhættusömum rekstri. Sér að flestir lánveitendur hafa hækkað en Birta er hæst en það er jákvætt að það eigi að taka þetta formlega fyrir. Spurningin er, áhætta af sjóðfélagalánum í samanburði við áhættufjárfestingar.

**Ólafur svarar**, áhættustefna sjóðsins er ítarleg. Áhættan af fjárfestingum í fyrirtækjarekstri er skilgreind hærri en af útlánum til sjóðfélaga. Í skýringum í ársreikningi á bls. 31 er raunávöxtun hlutabréfafjárfestinga frá upphafi. Origo t.d., Nýherji áður, upphafleg fjárfesting er frá ca. 1990, raunávöxtun 15,9% allan eignartímamann, allar aðrar fjárfestingar eru tilgreindar þar nánar. Höldum eignum í sjóðfélagalánum í ákv. hlutfalli, 10-15% af eignum og er það fín samsetning á móti ca. 15% í innlendum hlutabréfum. Þegar vextir lækkuðu hratt þá var áhlaup á sjóðinn, réðum illa við umsóknirnar og þurftum að stýra þannig til að minnka eftirspurnina. Á þeim tíma voru vextir Birtu um tveimur prósentustigum lægri en hagstæðustu vextir annarra. Það er áhættusamara að fjárfesta í hlutabréfum, það eru meiri sveiflur í eignaverði en á sjóðfélagalánum og sagan sýnir okkur að það er hagkvæmari kostur að fjárfesta í góðum og vel reknum fyrirtækjum en í sjóðfélagalánum. Undanfarnir fjórir mánuðir hafa svo sýnt okkur að það er ekki alltaf á vísan að róa í hlutabréfafjárfestingum.

**Spurning úr sal (Georg Páll Skúlason)**, fjárfesting í Play hefur verið umdeild og gagnrýnt mikið á vettvangi fulltrúaráðs launamanna. Play hefur ekki sýnt neinn samstarfsvilja við verkalýðshreyfinguna við að koma sínum málum í lag. Varðandi vextina, hvetur stjórn að skoða að bjóða fasta vexti á óverðtryggðum lánum líka. Hræðist að það verði flótti úr óverðtryggðum lánum ef ekki verður boðið uppá annan valmöguleika.

Ekki komu fram fleiri spurningar um fjárfestingastefnu sjóðsins. Næsti liður á dagskrá er hluthafastefna sjóðsins.

## 5. Hluthafastefna sjóðsins

Samkvæmt gr. 6.5.5 í samþykktum Birtu skal gera grein fyrir hluthafastefnu sjóðsins á ársfundi. Stjórn sjóðsins setur sjóðnum hluthafastefnu og er ekki gert ráð fyrir að hún sé borin undir atkvæði ársfundar.

Hluthafastefnan var síðast endurskoðuð og staðfest á stjórnarfundi Birtu 18. febrúar 2021 en engar breytingar hafa orðið á stefnunni síðan. Hluthafastefnan (eða „Eigendastefna Birtu“ eins og hún nefnist) er aðgengileg á vefsvæði Birtu.

Næsti liður á dagskrá er starfskjarastefna sjóðsins.



## 6. Starfskjarastefna sjóðsins

Í samþykktum Birtu, grein 5.8, kemur fram að stjórn skuli setja sjóðnum starfskjarastefnu varðandi starfskjör stjórnenda. Fundarstjóri segir starfskjarastefnuna óbreytta á milli ára en þó þurfi að bera hana upp til atkvæðagreiðslu. Stjórn skal setja sjóðnum starfskjarastefnu varðandi starfskjör stjórnenda sem lögð skal fram til samþykktar á ársfundi og birt í ársskýrslu og á vef sjóðsins. Starfskjarastefnuna má finna á heimasíðu Birtu.

Starfskjarastefnan var afgreidd óbreytt á milli ára á fundi stjórnar þann 11. apríl sl. Þó að starfskjarastefnan sé óbreytt milli ára þarf að bera hana upp til atkvæðagreiðslu. Áður en til atkvæðagreiðslu kemur er orðið gefið laust ef einhver vill tjá sig um stefnuna. Engar spurningar komu fram og er stefnan borin undir atkvæði og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

## 7. Laun stjórnarmanna og nefnda á vegum sjóðsins

Fundarstjóri biður Kristján Þórð Snæbjarnarson, nefndarmann í launanevnd Birtu, að koma og kynna tillögu nefndarinnar. Í launanevnd eru Jóhann Rúnar Sigurðsson og Kristján Þórður Snæbjarnarson af hálfu launamanna og Jón Sigurðsson og Bára Mjöll Ágústsdóttir af hálfu atvinnurekenda.

Kristján Þórður útskýrði að laun stjórnarmanna hafi undanfarin ár eða allt frá stofnun Birtu, verið látin fylgja þróun á launavísitölu Hagsstofu Íslands þannig að laun stjórnarmanna hækki sem nemur 95% af hækkun vísitölunnar. Nefndin fundaði í mars og lagt er til að halda óbreyttu fyrirkomulagi áfram. Horft er til launavísitölu frá febrúar 2021 til febrúar 2022. Tillagan hljóðar upp á hækkun um 6,84% eða um 95% af hækkun launavísitölunnar sem var 7,2% á umræddu tímabili. Upphæðir eru námundaðar að næsta hálfu eða heila þúsundi.

Tillaga launanevndar er því svohljóðandi:

Aðalmenn stjórnar: 130.500 kr. (áður 122.000 kr.)

Formaður stjórnar: 261.000 kr. (áður 244.000 kr.)

Varaformaður stjórnar: 195.750 kr. (áður 183.000 kr.)

Varamenn stjórnar: 29.000 kr. (mánaðarleg greiðsla, en full laun aðalmanns þann mánuð sem setinn er fundur, áður 27.000 kr.)

Lagt er til að tillagan verði lögð fyrir ársfund og taki gildi frá og með ársfundi 2022.

Orðið var gefið laust um tillöguna. Engar spurningar bárust og er tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

## 8. Stjórnarkjör, skv. grein 5.1

Kjörfundur í fulltrúaráði launamanna var haldinn 5. maí 2022 og fór þar fram stjórnarkjör launamanna og hlutu eftirfarandi aðilar kosningu, Hrönn Jónsdóttir og Örvar Þór Kristjánsson fengu umboð til tveggja ára og Bára Laxdal Halldórsdóttir umboð til tveggja ára í varastjórn.

Aðalmenn (Fulltrúar launamanna)

Guðrún Elfa Hjörleifsdóttir, til 2023

Hilmar Harðarson, til 2023

**Hrönn Jónsdóttir, til 2024**

**Örvar Þór Kristjánsson, til 2024**

Varamenn:

**Bára Laxdal Halldórsdóttir, til 2024**

Guðmundur S. Sigurgeirsson, til 2023

Samtök atvinnulífsins skipuðu eftirfarandi fulltrúa í stjórn Birtu fyrir hönd atvinnurekenda þann 6. maí 2022:

Aðalmenn:

Álfheiður Ágústsdóttir, til 2023

Sigurður R. Ragnarsson, til 2023

**Pálmar Óli Magnússon, til 2024**

**Þóra Eggertsdóttir, til 2024**

Varamenn:

**Bolli Árnason, til 2024**

Guðbjörg Guðmundsdóttir, til 2023

Eru þetta rétt kjörnir fulltrúar í stjórn Birtu.

## 9. Kjör endurskoðanda

Löggiltur endurskoðandi sjóðsins er Kristinn F. Kristinsson hjá PwC og er lagt til að hann verði endurkjörinn að fenginni umsögn frá endurskoðunarnefnd sjóðsins. Ekki komu fram aðrar tillögur um endurskoðanda og var hann því sjálfkjörinn.

## 10. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins

Engar tillögur eru til breytinga á samþykktum sjóðsins.

Ólafur tekur til máls, hefði verið gaman að ræða möguleg viðbrögð um auknar lífslíkur í tengslum við tryggingafræðilega úttekt sjóðsins. Niðurstaðan var að það yrði gert í haust og tekin vönduð umræða tekin þá og þá liggur fyrir að breyta þurfi samþykktum og það verður gert eftir ítarlega vinnu og umræðu með ykkur.

## 11. Önnur mál

Skv. grein 6.5. þurfa tillögur til ályktunar sem taka á fyrir á ársfundi að berast eigi síðar en viku fyrir ársfund. Engin tillaga barst að þessu sinni, orðið er gefið laust undir liðnum þó að engar tillögur hafi borist.

**Spurning úr sal (Ingi)**, verið hugleikið til margra ára af hverju sjóðurinn sé ekki núllstilltur á hverju ári. Nú horfum við á að sjóðurinn er 2,5% í mínus og hefur verið rekin í mínus í mörg, mörg ár. Með þessu er verið að ganga á rétt þeirra sem eiga eftir að fá greitt úr sjóðnum. Ég skil ekki hvernig hægt er að reka sjóðinn svona lengi í mínus og ganga þannig á rétt þeirra sem á eftir koma. Aðeins varðandi lán og endurfjármögnun. Sennilega hefur aldrei verið eins auðvelt og nú að taka lán og endurfjármagna. Ég er með lán hjá sjóðnum og var að athuga með að breyta núverandi láni en fékk þau svör að ekki væri hægt að gera það nema að taka nýtt lán.

**Tryggingastærðfræðingur svarar**, áfallin staða sjóðsins er í plús í dag þannig að það er ekki verið að ganga á rétt eins eða neins í dag með því að greiða út lífeyri m.v. þær forsendur sem uppi eru í dag. Vandamálið er framtíðariðgjöldin, þeir sem eru að greiða í sjóðinn núna eru að fá meiri réttindi en iðgjaldið stendur undir en lífeyrisþegar í dag eru ekki að fá meira en þeim ber.

Ekki bárust fleiri spurningar úr sal og er mælendaskrá lokað.

Fundarstjóri tekur undir þakklæti til fráfarandi stjórnarmanna og óskar eftir heimild fundarins til að ganga frá fundargerð með fundarritara efir fundinn og birta á heimasíðu sjóðsins. Upplýsti hann um að ný stjórn myndi funda strax að loknum ársfundi og skipta með sér verkum, venju samkvæmt.

Þakkaði hann fundarmönnum fyrir góðan fund og málefnalegar umræður og sagði fundi slitið kl. 19:15

---

Stefanía Kolbrún Ásbjörnsdóttir, fundarstjóri

---

Sigurbjörn Einarsson, fundarritari

## Undirritunarsíða

Fundarstjóri  
Stefanía Kolbrún Ásbjörnsdóttir

Fundarritari  
Sigurbjörn Einarsson